

VERKLAGSREGLUR FYRIR LEIKSKÓLA BORGARBYGGÐAR

1. UMSÓKN OG INNTRITUN

- 1.1 Sótt er um leikskóladvöl á vef Borgarbyggðar.
- 1.2 Sækja má um leikskóladvöl frá fæðingardegi barns, eða um leið og kennitala þess hefur verið skráð. Ef skráðir eru tveir leikskólar á umsókn koma báðir til greina við úthlutun.
- 1.3 Aldur barns ræður því, að öllu jöfnu, hvenær barn fær úthlutað leikskóladvöl.
- 1.4 Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, að jafnaði eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst.
- 1.5 Gert er ráð fyrir að börn geti hafið leikskólagöngu við 12 mánaða aldur, séu laus pláss í leikskólanum. Í undantekningartilvikum getur leikskólastjóri, í samráði við sviðsstjóra fjölskyldusviðs, heimilað inngöngu fyrir 9-12 mánaða gömul börn, ef það hefur ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir leikskólann og seinkar ekki inntöku eldri barna.
- 1.6 Sé barn að flytja á milli leikskóla innan Borgarbyggðar þá þurfa foreldrar að tilkynna leikskólastjórum beggja leikskóla um fyrirhugaðan flutning. Flutningar verða þegar leikskólastjóri í nýja leikskólanum tilkynnir foreldrum að flutningur geti átt sér stað.
- 1.7 Leikskólar hafa heimild til að setja upp inntökuáætlun um það hvenær aðlaganir fara fram vegna barna á yngstu deild leikskólans. Leikskólar þurfa að leggja áætlunina fyrir fræðslunefnd samhliða gerð skóladagatala á hvert.
- 1.8 Ekki er gert ráð fyrir að taka inn börn í aðlögun eftir 15. apríl hvert ár.

2. SKILYRÐI FYRIR LEIKSKÓLADVÖL

- 2.1 Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. Þjóðskrá) sé í Borgarbyggð. Barn getur verið á biðlista þrátt fyrir að lögheimili þess sé skráð annars staðar. Leikskólapláss er ekki úthlutað fyrr en barnið er komið með lögheimili í Borgarbyggð.
- 2.2 Hægt er að sækja um leikskóladvöl vegna tímabundinna dvala barna með lögheimili í öðrum sveitarfélögum og er þá farið eftir [viðmiðunarreglum Borgarbyggðar vegna skóladvalar barna utan lögheimilisveitarfélags](#). Hér gildir þó sú regla að börn eru ekki tekin inn í leikskólann eftir 15. apríl ár hvert, að dvöl barns henti starfsemi leikskólans og hafi ekki viðbótarkostnað í för með sér.
- 2.3 Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis, eða þau skráð utangarðs í Þjóðskrá, geta sótt um leikskólapláss hjá Borgarbyggð. Þá er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Borgarbyggð skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990 og að gera megir ráð fyrir að lögheimili, þegar það er fengið, verði í Borgarbyggð. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið thjonustuver@borgarbyggd.is. Farið er fram á staðfestingu á búsetu í Borgarbyggð með eftirfarandi gögnum: Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Borgarbyggð.

3. LEIKSKÓLAGJÖLD

- 3.1 Leikskólagjöld eru innheimt fyrir fram. Gjaldldagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.
- 3.2 Leikskólagjöld eru ekki innheimt fyrir júlímánuð.
- 3.3 Gjaldskrá leikskóla er endurskoðuð árlega og tekur sveitarstjórn ákvörðun um breytingar á henni. Breytingar á gjaldskrá skulu kynntar foreldrum.
- 3.4 Afslættir eru veittir af dvalargjöldum að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum. Sækja þarf sérstaklega um afslætti til leikskólastjóra. Endurnýja þarf umsókn um afslætti við upphaf hvers skólaárs, í ágúst, annars falla þeir niður. Afslættir ná ekki til fæðisgjalda.
 - 3.4.1 Einstæðir foreldrar fá 40% afslátt af dvalargjaldi. Til þess að viðkomandi njóti afsláttar þurfa þeir að vera skráðir einstæðir í Þjóðskrá. Hefji einstæðir foreldrar sambúð skal greiða hærra gjald þegar sambúð hefst. Slíti foreldrar sambúð skal leggja fram vottorð frá sýslumanni því til staðfestingar og lækkar þá gjald frá næstu mánaðamótum eftir að vottorð berst.
 - 3.4.2 Námsmenn fá 40% afslátt af dvalargjaldi ef báðir foreldrar eru í fullu námi (30 ECTS einingar á önn eða 18 framhaldsskólaeiningar). Skila þarf innritunavottorði frá viðkomandi skóla til leikskólastjóra í upphafi hverrar annar.
 - 3.4.3 Starfsmenn leikskóla í Borgarbyggð, sem eiga börn í leikskólum Borgarbyggðar, fá 50% afslátt af dvalargjöldum. Ef starfsfólk á fleiri en eitt leikskólabarn þá fá þeir 100% afslátt vegna þeirra barna. Séu fleiri en einn afsláttur í gangi þá gildir sá sem gefur hæstan afslátt. Til þess að eiga rétt á afslættinum þurfa starfsmenn að vera í að lágmarki 50% starfshlutfalli.
 - 3.4.4 Systkinaafsláttur er 50% af dvalargjaldi fyrir hvert barn umfram eitt og 100% af dvalargjaldi umfram tvö. Systkinaafsláttur gildir milli tómstundaheimilis, leikskóla og dagforeldra. Greitt er fullt verð fyrir yngsta barnið, mestan afslátt fær elsta barnið.
- 3.5 Foreldrum ber að tilkynna leikskólastjóra um breytingu á högum sínum, s.s. breytt heimilisfang, símanúmer, netfang og hjúskaparstaða.

4. DVALARTÍMI

- 4.1 Leikskólar Borgarbyggðar eru opnir frá kl. 8:00 til 16:00 alla virka daga á opnunartíma leikskóla.
- 4.2 Gjaldfrjálst er í leikskólum á milli kl. 8:00 til 14:00, eða í 30 klukkustundir á viku. Foreldrar greiða gjald fyrir hverja klukkustund umfram það, sjá gjaldskrá. Fæðisgjald er innheimt alla daga. Ekki er hægt að færa gjaldfrjálsa stund yfir á stund sem kostar í leikskólanum.
- 4.3 Foreldrum stendur til boða að kaupa vistun (náðarkorter) frá kl. 7:45-8:00 og/eða kl. 16:00-16:15. Miðað er við að fleiri en 5 börn nýti sér tímann til þess að leikskólinn geti orðið við beiðninni. Tekið er sérstakt gjald fyrir náðarkorter, sjá gjaldskrá.
- 4.4 Ef lögheimili barns er meira en 15 km frá leikskóla er heimilt að skrá barnið í 3-4 daga leikskóladvöl í viku og greiða samkvæmt því.
- 4.5 Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá leikskóla Borgarbyggðar og verklagsreglur fyrir leikskóla Borgarbyggðar og skuldbinda sig til að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.
- 4.6 Ef foreldrar óska eftir flutningi á milli leikskóla ber að sækja um það til leikskólastjóra þess leikskóla sem barnið dvelur í og fer þá barnið á biðlista í hinum leikskólanum. Gilda þá sömu reglur um innritun.

- 4.7 Hægt er að sækja um breytingar á dvalartíma hjá leikskólastjóra fyrir 15. hvers mánaðar. Breytingar miðast við mánaðamót. Áður en breyting er samþykkt þarf leikskólastjóri að taka afstöðu til þess hvort það henti starfseminni.
- 4.8 Barn í leikskóla skal taka að lágmarki fjögurra vikna samfelldt sumarleyfi ár hvert. Óski foreldrar eftir því að taka fimm til átta vikna samfelldt sumarleyfi eru þær vikur einnig gjaldfrjálsar.
- 4.9 Ef barn er fjarverandi vegna orlofs í samfelldt tvær vikur eða lengur umfram sumarleyfi og foreldrar láta vita með hálf mánaðar fyrirvara skal endurgreiða fæðiskostnað fyrir þann tíma sem barnið er í orlofi.
- 4.10 Geti barn ekki sótt leikskóla vegna langvarandi veikinda sem vara í a.m.k. fjórar vikur samfelldt geta foreldrar sótt um afslátt af leikskólagjöldum og fæðisgjaldi í samræmi við lengd veikinda. Sótt skal um til leikskólastjóra, læknisvottorð þarf að fylgja umsókn.
- 4.11 Borgarbyggð niðurgreiðir aðeins vistun barns í einum leikskóla í senn.
- 4.12 Skráningardagar eru þeir dagar þegar grunnskóli er í vetrar- jóla- og páskafríi ár hvert. Á skráningardögum þurfa foreldrar að skrá börn sín í leikskólann og greiða sérstaklega fyrir þá, sjá gjaldskrá. Þær dagsetningar sem um ræðir liggja fyrir í skóladagatali leikskólans. Fleiri en fimm börn þurfa að vera skráð svo það sé opið í leikskólanum.
- 4.13 Falli skólastarf niður s.s. vegna ófærðar eða viðbótar skipulagsdags, fleiri en 5 daga á skólaári er gjald fellt niður eftir 5. daginn.
- 4.14 Þurfi leikskóli að skerða skólahald hluta úr degi vegna manneklu, er foreldrum endurgreitt gjald sem þeir hafa greitt fyrir vistunartímann eftir kl. 14, þá daga sem lokað er.

5. UPPSÖGN

- 5.1 Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra.
- 5.2 Ef um 3ja mánaða skuld vegna leikskólagjalda er að ræða skoðast það sem uppsögn á leikskóladvöl. Foreldri þarf alltaf að sækja um leikskólapláss að nýju þegar búið er að semja um skuldina við sveitarfélagið.

6. ANNAÐ

- 6.1 Starfsfólk leikskóla Borgarbyggðar er bundið þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum.
- 6.2 Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi. Samkvæmt barnaverndarlögum er öllum skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Tilkynningaskyldan gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna og þagnarskyldu starfsstétta.
- 6.3 Leikskólar Borgarbyggðar hafa fimm skipulags- og/eða námskeiðsdaga á hverju skólaári, sem samþykktir eru af fræðslunefnd og skráðir í skóladagatal. Fræðslunefnd getur tekið ákvörðun um að fjölga skipulagsdögum upp í sex, s.s. vegna námsferða og sérstakra þróunarverkefna.
- 6.4 Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 eiga börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun rétt á slíkrri þjónustu innan leikskólans. Skólaþjónusta Borgarbyggðar veitir ráðgjöf og fræðslu vegna barna ef foreldrar og/eða starfsfólk leikskóla telja þess þurfa til að geta veitt börnunum sem besta menntun, uppeldi, umönnun og umhverfi við hæfi. Stuðlað er að jafnrétti til náms og vellíðan allra barna.

- 6.5 Í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 kemur fram að öll börn á aldrinum 0-18 ára og fjölskyldur þeirra eigi að hafa aðgang að tengilið farsældar í nærumhverfi barns. Hans hlutverk er að styðja við samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns. Þegar börn eru í leikskóla þá á að vera hægt að leita til tengiliðar farsældar í leikskóla barnsins. Tengiliðir farsældar eru starfandi í öllum leikskólum Borgarbyggðar. Frekari upplýsingar um þá er að finna á heimasíðum leikskólanna.
- 6.6 Sameiginlegt lausnateymi leikskóla í Borgarbyggð er starfrækt og fundar það einu sinni í mánuði. Í því sitja sérkennslustjóri leikskólanna, talmeinafræðingur sveitarfélagsins og verkefnastjóri í skólaþjónustu. Mál barns er sett á dagskrá lausnateymisfundar í samráði við forsjáraðila og það rætt nafnlaust. Tilgangurinn er að leita lausna varðandi nám, hegðun, þroska og/eða líðan barnsins. Lausnateymi getur komið með tillögur að íhlutun og/eða vísað málum til talmeinafræðings, atferlisfræðings, iðjuþjálfar og virknimatsráðgjafa. Þau mál sem leysast ekki með aðkomu lausnateymis er vísað til nemendaverndarráðs.
- 6.7 Nemendaverndarráð eru starfrækt í öllum leikskólum Borgarbyggðar. Í því sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, sálfræðingur, verkefnastjóri skólaþjónustu og fulltrúi frá barnavernd eftir þörfum. Mál sem eru tekin eru fyrir á fundum nemendaverndarráðs eru unnin í samstarfi og með samþykki forsjáraðila. Þar geta verið tekin fyrir mál sem eru flókin og þarfnast þverfaglegrar umræðu áður en ákvörðun um næstu skref eru tekin. Nemendaverndarráð getur ákveðið að senda beiðnir um mat á þroska og hegðun barns til sálfræðings.
- 6.8 Nánari upplýsingar veitir starfsfólk skólaþjónustu á fjölskyldusviði Borgarbyggðar.. Reglur þessar voru fyrst samþykktar í fræðslunefnd 20.11.2006 og endurskoðaðar 1.2.2012, 10.05.2016, 12.03.2021, 12.06.2023, 2.11.2023, 21.05.2025, 14.10.2025, 9.12.2025